

Einföld og sársaukalaus leið til að minnka halla fjárlaga

Eftir Benedikt Jóhannesson og Bjarna Guðmundsson

ALMENNINGUR hefur orðið fyrir ýmsum áföllum og má síst við hækkuðum sköttum en ríkið þarfnast sárlega meiri tekna. Meðal nýrra hugmynda er skattlagning lífeyris- iðgjalda þegar þau eru greidd, en þau eru nú undanþegin skatti. Þess í stað yrði lífeyririnn ekki skattlagður. Þessar tillögur eru róttæk breyting á lífeyriskerfinu. Tilgangurinn er að finna skattstofn sem hægt er að nýta, án þess að hann leggist af ofurþunga á almenning eða fyrirtæki. Ætla má að fást myndu allt að 30 til 35 milljarðar króna á ríkissjóð á ári. Hugmyndirnar voru fyrst nefndar síðastliðinn vetur af ríkisstjórninni, en þingflokkur sjálfstæðismanna tók þær upp nú í sumar. Umræðan leiddist fljótlega á villigötur og hljóðnað hefur um hugmyndina. Það er miður, því hugsanlega er þetta ein besta lausnin til að leysa brýna þörf á skatttekjum, án þess að valda heimilum búisfjum í hækkuðum álögum.

Hvaða afleiðingar hefur þessi kerfisbreyting fyrir þá sem koma við sögu, það er almenning, ríkissjóð og lífeyrissjóðina? Með breytingunni yrði að skipta lífeyrissjóðunum í tvennt. Núverandi kerfi verður lokað fyrir iðgjöldum um leið og nýja kerfið er tekið upp, segjum um áramót. Gert er ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir stæðu skil á skattinum af öllum iðgjöldum, hvort sem talað er um hluta lífeyrisþega eða atvinnuveitenda.

Sársaukalaus fyrir almenning

Öll iðgjöld sem greidd eru í lífeyrissjóð eru nú undanþegin skatti. Fjármagnstekjur eru ekki skattlagðar hjá lífeyrissjóðunum. Þessi tegund sparnaðar nýtur að þessu leyti sérstakra forréttinda. Launþegar fá þannig hærri lífeyrisgreiðslur en ella. Þegar lífeyrir kemur til greiðslu er hann skattlagður eins og hverjar aðrar tekjur.

Aðalkosturinn er að skattheimtan er sársaukalaus núna. Þegar lífeyririnn verður greiddur verður hann skattlaus. Ráðstöfunartekjur verða því þær sömu fyrir almenning. Eins og nú horfir fer skattþrosenta væntanlega ekki lækkanði á næstunni. Fremur að tekjuskattur muni hækka meðan þjóðin vinnur sig út úr vandanum. Einnig þyrfti að huga að

áhrifum persónuafsláttar, einfaldast virðist að nota flata skattþrosentu á lífeyrisiðgjöldin og hafa hana heldur lægri en almenna skattþrosentu. Hjá þeim sem minnst réttindi hafa hjá lífeyrissjóðum myndi persónuafsláttur nýfast á ellilífeyrisárum vegna lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun og ráðstöfunartekjur því verða óbreyttar þegar lítið væri til heildartekna lífeyrisþegans. Þetta þyrfti að skoða í smáatriðum, en í fljótu bragði virðast áhrifin á einstaklingana lítil.

Pórarinn V. Þórarinnsson skrifar í Morgunblaðið 19.6.2009: „40 milljarða skerðing á iðgjalds- greiðslum verður ekki ávöxtuð í sjóðunum og réttindin munu óhjákvæmilega skerðast að sama skapi. Það hefur því úrslitaáhrif hvort skattur er greiddur við inngreiðslu iðgjalds í sjóðina eða við útgreiðslu lífeyris mörgum áratugum síðar. Lífeyrisgreiðslurnar munu því óhjákvæmilega skerðast sem svarar ávöxtun þessara 40 milljarða á hverju ári í marga áratugi.“ Þetta er rétt, en ráðstöfunartekjurnar skerðast þó ekki, að því gefnu að skattþrosenta sé óbreytt. Ástæðan er í stuttu máli sú að ef skattþrosentan er 36% allan tímann skiptir ekki máli hvort hún er tekin á undan eða eftir. Fyrir stærðfræðinga má segja að hér sé víxlreglan að verki,

$$0,36 \times \text{Heild} = \text{Heild} \times 0,36$$

svo dæmið sé einfaldað mikið.

Ríkið og sveitarfélög fá miklar skatttekjur

Í tillögum sjálfstæðismanna er gert ráð fyrir að um 40 milljarðar króna komi inn í skatttekjur af iðgjöldum í lífeyrissjóð. Líklegt er að skattarnir af iðgjöldunum verði lægri eða nær 35 milljörðum króna, jafnvel heldur lægri ef miðað er við lægri skattþrosentu. Samt sem áður er talan tæplega fjórðungur þess sem þarf til þess að loka fjárlagagatunni. Þetta er því mjög há fjárhæð sem hvorki þrengir að heimilunum né fyrirtækjunum.

Valið hér er milli þess að ríkið taki annaðhvort meiri lán nú, sem þá verða greidd af skattborgurum í

fram tíð, eða nýti sér þennan skattstofn – sem gæti þýtt betra lánshæfismat og lægri vaxtabyrði ríkisins þegar upp er staðið.

Lífeyrissjóðirnir

Breytingin hefur margvísleg áhrif á lífeyrissjóðina. Núverandi kerfi yrði lokað og því væru þeir sjóðir sem ekki eiga fyrir skuldbindingum sínum neyddir til þess að skerða réttindi í stað þess að ýta vandanum á undan sér.

Flestir sjóðirnir reikna árlega eða oftast hvernig greiðsluflæði þeirra verði á komandi árum og taka þá tillit til innstreymis iðgjalda, greiðslu lífeyris, ávöxtunar og greiðslu af verðbréfum í eigu sjóðanna. Skattfjárhæðin, 30-35 milljarðar króna, er líklega liðlega 20% af tekjum sjóðanna, og hefur því áhrif á rekstur þeirra. Ekki er þó ástæða til þess að ætla að þeir lendi í sérstökum vandræðum í rekstri vegna þessa.

Í þriðja lagi minnkar fjárfestingageta lífeyrissjóðanna og þar með endurnýjuð þátttaka þeirra í atvinnulífnum. Hlutverk sjóðanna er fyrst og fremst að ávaxta iðgjöld sem best, en ekki að koma inn sem einhvers konar bjargrásasjóður, jafnvel þó að brýn þörf sé á fjármagni núna. Stór hluti af lausu fé lífeyrissjóðanna mun að óbreyttu renna til kaupna á skuldabréfum ríkissjóðs. Með minni þörf ríkisins fyrir fjármögnun með lánsfé gæti niðurstaðan orðið sú að ráðstöfun fjár sjóðanna til annarra fjárfestinga yrði óbreytt.

Þá er ljóst að rekstur sjóðanna yrði nokkuð flóknari með slíkri skiptingu, en sá vandi er þó auðleystur með nútíma upplýsingatækni.

Einföld lausn á erfiðum vanda

Með skattlagningunni vinnst eftirfarandi:

1. Ríkið og sveitarfélög þurfa ekki að taka jafnmikil lán og ella
2. Ekki þarf að hækka skattbyrði á almenning
3. Séð er fyrir fjórðungi halla fjárlaga
4. Ráðstöfunartekjur almennings skerðast ekki
5. Neysla dregst ekki meira saman og kreppan dýpkar því ekki
6. Skatturinn fer ekki út í verðlag

Hugmyndin um breytta skattlagningu lífeyris hefur bæði kosti og galla og hefur ekki verið að fullu útfærð. Hins vegar hlýtur kreppu-



Benedikt Jóhannesson



Bjarni Guðmundsson



» Meðal nýrra hugmynda er skattlagning lífeyrisiðgjalda þegar þau eru greidd, en þau eru nú undanþegin skatti. Þess í stað yrði lífeyririnn ekki skattlagður.

ástandið að leiða til þess að skapandi hugmyndir af þessu tagi séu grandskoðaðar. Í núverandi harðindum hafa Íslendingar ekki efni á þeim lúxus að hæðast að nýjum hugmyndum eða hafna þeim án þess að hugsa málin í botn. Kostirnir hljóta að leiða til þess að skoða beri þessa leið með yfirvegum og vönduðu faglegu mati.

Höfundar eru trygginga-
stærðfræðingar.